

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

24. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2015, fimmtudaginn 21. jan. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Salvar Baldursson, Halldóra Pétursdóttir, Hulda Gunnarsdóttir og Pétur G. Markan, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Athugasemdir frá Halldóru Pétursdóttur sem gögn fyrir fundinn hafi borist seint. Hún óskar eftir að gögn fyrir fundi berist fyrir.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. 9. fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 12. jan.
2. Erindi frá Raggagarði, fjölskyldugarði Vestfjarða.
3. Umsókn um styrk vegna hringsjá á Kambsnesi.
4. Samráðsfundur sveitarfélaga á Vestfjörðum á Hólmavík 22. jan.
5. Tilnefning aðalmanns og varamanns verkefnanefnd Stefnumorðunar sveitarfélaga á Vestfjörðum.
6. Samstarfsyfirlýsing, Súðavíkurhrepps, Bolungarvíkur og Ísafjarðar um atvinnuuppbyggingu á norðanverðum Vestfjörðum.
7. Ósk um samstarf vegna auðlindanýtingar í Súðavíkurhreppi. Bréf frá Arctic Hydro lagt fram.
8. Bréf til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda lóðaafmörkun.
9. Gjaldtaka í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrangs og farmleifa frá á skipum.
10. Gildistími brunaáætlunar Súðavíkurhrepps – bréf frá mannvirkjastofnun lagt fram.
11. Endurgreiðsla vegna minnkaveiða frá 1. sept. 2014 – 31 ágúst 2015
12. Fundargerð sambands ísl. Sveitarfélaga nr.833 og nr.834 lagðar fram.
13. Fundargerð hafnarsambands ísl. nr.380 lögð fram.
14. Hringtenging til Vestfjarða með ljósleiðara – til kynningar.

1. Tekið er fyrir bréf frá OV, Orkubú Vestfjarða, dagsett 10. desember 2016. Erindi bréfans er að óska eftir að Súðavíkurbreppur láti byggja viðunandi varnir við varaafstöð OV í Súðavík. Til vara óskar OV eftir að Súðavíkurbreppur kaupi umrætt mannvirki, húsið sem hýsir varaafli OV, og láti fyrirtækinu í tjé aðra lóð, utan hættusvæða, undir nýja varafls og aðveitustöð.

Samkvæmt minnisblaði, sem lögmannsstofan Juris vann fyrir Súðavíkurbrepp kemur fram í samantekt að í endanlegri niðurstöðu hættumats sem unnið var fyrir Súðavík árið 2005 segir að: „þar sem ofanflóðasjóður hefur þegar keypt upp öll íbúðarhús í ytri Súðavík og selt aftur með kvöðum varðandi viðveru að vetrarlagi, er ekki þörf fyrir frekari aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum í Súðavík.“

Í minnisblaðinu segir enn frekar : „Líta verður svo á að rökstuddar ástæður fyrir tillögu um varnir eða kaup/ færslu eignar, eins og í tilfelli varaafstöðvarinnar í Súðavík, og m.t.t. þess sem rakið hefur verið um 11. gr. 1 nr. 45/1997 í minnisblaði þessu, ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að sveitarstjórn geri tillögu um kaup/ færslu varaflsstöðvarinnar skv. ákvæðum 11. Gr. nr 45/ 1997.

Í minnisblaðinu kemur fram að sjónarmið OV, varðandi varaafstöð OV sé á hættusvæði, komi ekki nægilega vel fram í hættumatinu.

Getur vel verið að þarna hafi OV ekki fylgt máli sínu nægilega vel eftir við vinnu hættumatsins árið 2005.

Það er niðurstaða minnisblaðs lögmannstofunnar Juris að ljóst sé að sveitarfélaginu sé heimilt að gera tillögu til ofanflóðanefndar bæði um kaup á íbúðarhúsnæði, sem og öðru húsnæði, s.s. geymslum og atvinnuhúsnæði í stað þess að reist séu varnarvirki.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps þakkar fyrir bréfið, sem undirritað er kröftulega af Orkubússtjóra, dagsett þann 10. janúar 2016, tveimur dögum eftir mikið vonskuveður sem orsakaði rafmagnsleysi í hluta þorpsins í lengri tíma.

Með vísan í minnisblað Juris frá 2013 felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ræða við OV og ofanflóðanefnd/ ofanflóðasjóð varðandi möguleg uppkaup á húsi OV sem hýsir varaflsvélar OV.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps áréttar að uppkaup á húsinu, eða bygging varna við varaafshúsið er algjörlega háð niðurstöðu ofanflóðasjóðs.

Sveitarstjórn þakkar OV kraftinn og dugnaðinn að fylgja þessu máli eftir, hættumatið var unnið eins og áður hefur komið fram árið 2005, enda mikið hagsmunamál fyrir svæðið og íbúa þess að bæði varaafli og aðveitustöð sé staðsett utan hættusvæðis.

Samþykkt samhljóða.

Samþykkt samhljóða.

2. Lagt fram til kynningar.
3. Lagt fram til kynningar.
4. Staðfest samhljóða.
5. Lagt fram til kynningar.

2. Sveitarstjórn tekur vel í erindið.

Erindinu vísað til skipulags og byggingarnefndar til umræðu.

3. Sveitarstjórn tekur vel í erindið.

Erindinu vísað til menningar og kynningarnefndar.

4. Sveitarstjórn fagnar þessum samráðsvettvangi og væntir mikils af útkomunni. Sveitarstjóri mun sækja fundinn fyrir hönd Súðavíkurhrepps.

5. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps tilnefnir Guðbjörgu Bergmundsdóttur sem aðalman og Pétur G. Markan sem varamann.

6. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar samstarfi við nágranasveitarfélögin í uppbyggingu atvinnuþróunar á svæðinu.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir framlagða yfirlýsingu og felur sveitarstjóra umboð til að klára samstarfsyfirlýsinguna í samvinnu við Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og AtVest.

7. Ljóst er að miklir möguleikar eru til orkuöflunnar í Súðavíkurhreppi sem og á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn fagnar áformum Arctic Hydro og óskar eftir kynningarfundi á hugmyndum þeirra og verkefnum.

8. Lagt fram.

9. Vísað til umhverfis og samgöngunefndar.

10. Lagt fram.

Sveitarstjóra falið að setja saman vinnuáætlun varðandi brunavarnaáætlun sveitarfélagsins.

Brýnt er að ný brunavarnaráætlun taki gildi á árinu.

Samþykkt samhljóða.

11. Endurgreiðsla vegna minka- og refaveiða var 1.007.570 kr. fyrir árið 2014 – 2015.

12. Lagt fram til kynningar.

13. Lagt fram til kynningar.

14. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:00

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Salvar Baldursson

Hulda Gunnarsdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

Halldóra Pétursdóttir